

Alþingi
Erindi nr. P 140/815
komudagur 15.12.2011

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2011.

Umsögn Fjarskipta ehf. (Vodafone) 13. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (CERT, tíðniréttindi, rekstargjald o.fl.) 140. löggjafarþing, þskj. 438 – 362. mál.

Við er til tölvubréfs ritara Umhverfis- og samgöngunefndar þar sem umbjóðanda mínum, Fjarskiptum ehf. (Vodafone) var veittur kostur á að veita umsögn um 13. gr. framangreinds frumvarps sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Um er að ræða nýtt ákvæði til bráðabirgða sem heimilar gjaldtöku sem nemur þremur milljónum króna fyrir hvert úthlutað MHz af 791-821 / 832-862 MHz.

Umbjóðandi minn gerir ekki athugasemdir við heimild gjaldtöku vegna tíðniúthlutunar enda teljast tíðnir til auðlinda landsins. Umbjóðandi minn telur hins vegar rétt að vekja athygli nefndarinnar á því að hér er um mun hærra gjald en áður hefur tíðkast að ræða, líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Í greinargerðinni kemur fram að hærra gjald helgist af fjölbreyttum nýtingarmöguleikum tíðnisviðsins og tæknilegum eiginleikum þess, sbr. t.d. langdrægni og þéttari útbreiðslu. Af þeim sökum telur umbjóðandi minn rétt að vekja athygli nefndarinnar á því að um er að ræða tíðnisvið sem hentar til veitingar svonefndar fjórðu kynslóðar farnetsþjónustu, nýrrar tækni sem er að ná útbreiðslu í Evrópu. Vegna framangreindra eiginleika, þ.e. langdrægni, er um að ræða það tíðnisvið sem best hentar til þess að byggja upp slíka þjónustu í dreifbýli. Að mati umbjóðanda míns skýtur því skökku við að áformað sé að taka hærra gjald fyrir úthlutun umræddrar tíðni enda eðli málsins samkvæmt um færri notendur slíkrar þjónustu að ræða í dreifbýli en á höfuðborgarsvæðinu þar sem nægt rými er á t.d. 1800 MHz tíðnisviðinu til uppbyggingar fjórðu kynslóðar þjónustu. Sú gjaldtaka sem fyrirhuguð er í frumvarpinu er því til þess fallin að draga úr hvata til fjárfestingar og uppbyggingu þjónustu í dreifbýli sem þó virðist meðal annars vera markmið ákvæðisins. Hafa ber í huga í þessu sambandi að þrátt fyrir áður nefnda langdrægni tíðnisviðsins er uppbygging dreifikerfis í dreifbýli ávallt kostnaðarsöm t.d. vegna fjarlægða í burðavirki og eins og áður segir þar sem færri notendur eru um þjónustuna. Verður því ekki séð að færð hafi verið fyrir því sannfærandi rök að sexfalda beri gjald fyrir umrætt tíðni svið, þ.e. 3 milljónir per MHz á móti 500 þúsund per MHz á 1800 MHz tíðnisviðinu.

Dóra Sif Tynes, hdl.